FJÖLMIÐLANEFND

FJÖLMIÐLANEFND

Ársskýrsla

2015



Efnisyfirlit

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA 4

1. SKIPAN FJÖLMIÐLANEFNDAR OG STARFSFÓLK 9

2. HELSTU VERKEFNI FJÖLMIÐLANEFNDAR 2015 11

3. SKIPTING BIRTINGAFJÁR 2015 27

4. AÐGERÐIR FJÖLMIÐLA 2015 37

5. SKRÁÐIR FJÖLMIÐLAR Í ÁRSLOK 2015 43

Ávarp framkvæmdastjóra

Fjölmiðlar um allan heim standa á tímamótum. Með tilkomu netsins hafa fjölmiðlar aðlagað sig að breyttum venjum og væntingum notenda. Fjölmiðlar hafa smám saman víkkað út starfsemi sína og á netinu eru texti, hljóð og myndir samtvinnaðar í heildstæðar frásagnir. Sífellt er leitað nýrra leiða til að ná athygli almennings sem hefur val um ofgnótt afþreyingar. Fjölmiðlar hafa hins vegar átt erfitt með að aðlaga viðskiptalíkön sín að nýjum veruleika sem birtist í því að almenningur vill ekki lengur greiða fyrir fréttir og fréttatengt efni á netinu. Afleiðingin er sú að litlir og svæðisbundnir fjölmiðlar í hinum vestræna heimi hafa lagt upp laupana í stórum stíl og stórir fjölmiðlar hafa minnkað umfang ritstjórnarefnis, frétta og fréttatengds efnis sem er dýrt í vinnslu, enda hafa áskriftartekjur dregist stórlega saman. Alþjóðavæðingin hefur einnig gert það að verkum að stórir alþjóðlegir afþreyingar- og samskiptamiðlar eru aðgengilegir á ólíkum mörkuðum og taka til sín sífellt stærri hluta af tíma og athygli almennings á kostnað innlendra fjölmiðla. Á sama tíma og áskrifendum fjölmiðla fækkar hafa auglýsingatekjur þeirra dregist saman. Hlutdeild erlendra samskipta- og afþreyingarmiðla í auglýsingatekjum hefur aukist verulega á kostnað innlendra fjölmiðla sem fullyrða má að leggi meira af mörkum til menningar og lýðræðislegrar umræðu í viðkomandi ríki.

Í flestum ríkjum Evrópu eru ríkisfjölmiðlar á auglýsingamarkaði og eru dæmi um gagnrýni einkarekinna fjölmiðla á hlutdeild ríkisfjölmiðla á auglýsingamarkaði. En jafnvel í þeim ríkjum þar sem ríkisfjölmiðlar eru ekki á auglýsingamarkaði er kvartað yfir því að ríkisfjölmiðlarnir taki til sín of mikið áhorf, hlustun og lestur og það dragi úr áhrifum og vægi einkarekinna fjölmiðla, m.a. til að afla sér tekna í alþjóðlegum fjölmiðlaheimi.

Án gagnrýninna og fjölbreyttra fjölmiðla er hætta á að lýðræðissamfélög fái ekki þrifist. Þrátt fyrir að upplýsingar

séu nú á tímum aðgengilegar í músarsmellsfjarlægð hefur verið á það bent að aldrei hafi verið jafn auðvelt að koma að röngum eða misvísandi upplýsingum hjá almenningi. Auk þess sníða leitarvélar og samfélagsmiðlar leitarniðurstöður og upplýsingar eftir áhugasviði hvers og eins. Afleiðingin er sú að einstaklingar sem búa í sama hverfi við svipaðar aðstæður geta fengið mjög ólíka mynd af því samfélagi sem þeir búa í. Spyrja má hvaða áhrif þetta hefur á samheldni og sameiginleg gildi í samfélögum. Þessu til viðbótar má nefna að rangar og misvísandi upplýsingar og fréttir eru jafnframt aðgengilegar á vefsíðum sem gefa sig út fyrir að vera fréttasíður eða fá mikla útbreiðslu fyrir tilstilli samfélagsmiðla. Slíkar fréttir geta gefið notendum býsna bjagaða eða jafnvel ranga mynd af samfélaginu. Rangar og misvísandi upplýsingar og fréttir geta alið af sér fordóma og jafnvel hatur gagnvart ákveðnum samfélagshópum. Rangar og misvísandi upplýsingar áttu stóran þátt í því að kynda undir fordómum og hatri í aðdraganda styrjalda í Evrópu á síðustu öld.

Íslenskir fjölmiðlar, rétt eins og fjölmiðlar víða um lönd, standa á tímamótum. Fjárhagsleg staða bæði einkarekinna fjölmiðla og Ríkisútvarpsins er erfið. Á sama tíma hafa fjölmiðlar sem hafa gildi faglegrar blaðamennsku að leiðarljósi, hvort heldur einkareknir eða ríkisreknir, sjaldan verið eins mikilvægir og á öld hinna röngu og misvísandi upplýsinga. Ábyrgð þeirra við að miðla hlutlægum fréttum og menningartengdu efni er mikil. Fjölmiðlar eiga að miðla efni sem upplýsir og stuðlar að samfélagslegri umræðu, efni sem menntar, fræðir og hvetur til gagnrýninnar hugsunar. Þeir eiga jafnframt að miðla sögu, listum og menningu og ýmiskonar afþreyingu.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld taki af skarið og marki stefnu um það hvernig unnt er að treysta stöðu og framtíð íslenskra fjölmiðla áður en það er orðið of seint. Íslenskir fjölmiðlar eru grunnurinn að því að viðhalda lýðræði, menningu og samheldni íslenskrar þjóðar.

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri
fjölmiðlanefndar

Útgefandi: Fjölmiðlanefnd, Borgartúni 210, 105 Reykjavík
Texti: Elfa Ýr Gylfadóttir og Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
Hönnun: Ómar Örn Sigurðsson
Myndir © Gunnar Reyr Sigurðsson
Frekari upplýsingar um starfsemi fjölmiðlanefndar er að finna á vefsíðu nefndarinnar:
www.fjolmidlanefnd.is

STEAK DINNER
LUNDINN

1. SKIPAN FJÖLMIÐLANEFNDAR OG STARFSFÓLK

Skipan fjölmiðlanefndar 2015 var með eftirfarandi hætti:

- **Karl Axelsson,** hæstaréttarlögmaður og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, formaður.
- **Vilhjálmur H. Vilhjálmsson** hæstaréttarlögmaður, varaformaður.
- **Hulda Árnadóttir** héraðsdómslögmaður.
- **Arna Schram**, forstöðumaður menningarmála Kópavogsbæjar og fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands.
- **Salvör Nordal**, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Varamenn:
- **Birgir Tjörvi Pétursson** héraðsdómslögmaður.
- **Marteinn Másson** hæstaréttarlögmaður.
- **Kolbrún Sævarsdóttir** héraðsdómari.
- **Björn Vignir Sigurpálsson**, formaður Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands.
- **Birgir Guðmundsson**, dósent í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri.

Starfsmenn fjölmiðlanefndar:
- **Elfa Ýr Gylfadóttir** framkvæmdastjóri.
- **Heiðdís Lilja Magnúsdóttir** lögfræðingur.

Í árslok lét Karl Axelsson, formaður fjölmiðlanefndar, af störfum þar sem hann hafði verið skipaður dómari við Hæstarétt Íslands. Nýr formaður, Ingvi Hrafn Óskarsson héraðsdómslögmaður, var skipaður í mars 2016. Í desember 2015 var Elfa Ýr Gylfadóttir kosinn formaður Stýrinefndar Evrópuráðsins um fjölmiðla og upplýsingasamfélagið en í henni sitja fulltrúar allra 47 aðildarríkja Evrópuráðsins, sem allir eru sérfræðingar á sviði tjáningarfrelsis, fjölmiðla og internetsins. Elfa Ýr gegnir áfram stöðu framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar.

P1

2. HELSTU VERKEFNI FJÖLMIÐLANEFNDAR 2015

Forgangsverkefni fjölmiðlanefndar árið 2015 voru skráning fjölmiðla og leyfisveitingar til hljóð- og myndmiðla, skráning og birting eignarhalds á fjölmiðlum, eftirlit með reglum um viðskiptaboð í fjölmiðlum, eftirlit með reglum um vernd barna gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og móttaka og meðferð formlegra kvartana. Fjölmiðlanefnd birti sex ákvarðanir árið 2015, þrjár vegna brota á reglum um vernd barna og þrjár vegna brota á reglum um viðskiptaboð fyrir áfengi. Þá gaf fjölmiðlanefnd út fræðslubækling um miðlalæsi og stóð fyrir málþingum, m.a. um tjáningarfrelsi og skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga.

Fjölmiðlanefnd fylgdist með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði eins og kostur var og birti upplýsingar um skiptingu birtingafjár milli fjölmiðla á auglýsingamarkaði á vef nefndarinnar. Umsagnir um samrunatilkynningar til Samkeppniseftirlitsins og umsagnir um lagafrumvörp til Alþingis voru forgangsmál. Þá sinnti fjölmiðlanefnd árlegu mati um almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, tók þátt í alþjóðlegu samstarfi, hélt erindi á fræðslufundum og sinnti upplýsingagjöf til erlendra og innlendra aðila.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar árið 2015.

2.1 Skráðir fjölmiðlar og leyfishafar

2.1.1 Skráðir fjölmiðlar

Skráðir fjölmiðlar, aðrir en leyfisskyldir, voru 156 í árslok 2015.

Árið 2015 voru þrettán fjölmiðlar nýskráðir hjá fjölmiðlanefnd:

1. Hringbraut – sjónvarpsstöð og vefmiðill
2. Stundin – vef- og prentmiðill
3. Fréttanetið - vefmiðill
4. Vodafone PLAY – myndveita
5. Kópavogsblaðið –prentmiðill

Fjölmiðlar með almennt leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar voru 41 í árslok 2015.

6. Glamour - tímarit
7. Veggurinn - vefmiðill
8. Hljóðbylgjan - útvarpsstöð
9. Útvarp Akureyri – útvarpsstöð
10. 433.is - vefmiðill
11. Sport.is - vefmiðill
12. Flickmylife.is - vefmiðill
13. Infront.is – vefmiðill

Einn fjölmiðill, Radio Iceland FM, hætti starfsemi á árinu .

2.1.2 Almenn leyfi

Fjölmiðlar með almennt leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar voru 41 í árslok 2015 en auk þess var Ríkisútvarpið ohf. og miðlar þess með leyfi samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013.

Tveir nýir fjölmiðlar fengu almennt leyfi til hljóðmiðlunar á árinu:

1. Hljóðbylgjan
2. Útvarp Akureyri

Þrír fjölmiðlar endurnýjuðu almennt leyfi til hljóðmiðlunar:

1. Boðunarkirkjan
2. Hljóðsmárinn
3. XA Radíó áhugamannafélag

Tveir fjölmiðlar endurnýjuðu almennt leyfi til myndmiðlunar:

1. N4
2. ÍNN

2.1.3 Skammtímaleyfi

Þá voru veitt 23 skammtímaleyfi til hljóðmiðlunar en umsækjendur um skammtímaleyfi til hljóðmiðlunar voru fyrst og fremst æskulýðsmiðstöðvar, grunn- og framhaldsskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar og sveitar- og íþróttafélög:

1. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
2. Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði
3. Lífsýn styrktarfélag
4. Nemendafélag Menntaskólans við Hamrahlíð, mars
5. Nemendafélag Menntaskólans við Hamrahlíð, nóvember
6. Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja
7. Knattspyrnudeild KR
8. Sveitarfélagið Ölfus
9. Monas ehf. / Hljóðbylgjan
10. Tækniminjasafn Austurlands
11. Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi
12. Rauðagerði frístundahús
13. Nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi
14. Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands, mars
15. Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands, nóvember
16. Skólafélag Menntaskólans við Sund
17. Glerárskóli
18. Frístundamiðstöðin Miðberg
19. Garðalundur, æskulýðsmiðstöð
20. Fjölbrautaskólinn við Ármúla
21. Félagsmiðstöðin Óðal
22. Grunnskólinn á Hellu
23. Vest End Patreksfirði

Engin skammtímaleyfi til myndmiðlunar voru veitt árið 2015.

Gildistími almennra leyfa til hljóð- eða myndmiðlunar er allt frá einu ári upp í sjö ár en skammtímaleyfi gilda í allt að þrjá mánuði.

Gjöld fyrir almenn leyfi og skammtímaleyfi

voru óbreytt frá fyrra ári. Gjald fyrir almennt leyfi til hljóðmiðlunar 2011-2014 var 36.500 kr. fyrir hvert ár sem leyfi var veitt. Gjald fyrir almennt leyfi til myndmiðlunar var 54.000 kr. fyrir hvert ár sem leyfi var veitt. Gjald fyrir skammtímaleyfi til myndmiðlunar var 15.000 kr. og gjald fyrir skammtímaleyfi til hljóðmiðlunar var 9.500 kr. Öll gjöld sem fjölmiðlanefnd innheimtir renna í ríkissjóð.

Nánari upplýsingar um skráða fjölmiðla og leyfishafa í árslok 2015 er að finna í kafla 5 í skýrslu þessari.

2.2 Upplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum

Eitt helsta hlutverk fjölmiðlanefndar er að skrá, birta og uppfæra upplýsingar um fjölmiðla, þar með talið um eignarhald þeirra, og stuðla þannig að því að almenningur hafi aðgang að réttum upplýsingum um eigendur og ábyrgðarmenn fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd birtir upplýsingarnar á vef sínum *www.fjolmidlanefnd.is* undir flipanum „Upplýsingar um fjölmiðla“.

Árið 2015 voru upplýsingar um eignarhald þrettán nýrra fjölmiðla skráðar hjá nefndinni, auk þess sem breytingar á upplýsingum um skráða fjölmiðla og leyfishafa voru uppfærðar eftir því sem þær bárust nefndinni.

2.3 Ritstjórnarlegt sjálfstæði blaða- og fréttamanna

Samkvæmt lögum um fjölmiðla setja fjölmiðlar sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Reglurnar eru birtar á vef fjölmiðlanefndar, á sömu síðu og upplýsingar um eignarhald hverrar fjölmiðlaveitu.



Upplýsingar um eignarhald fjölmiðla eru aðgengilegar á vef fjölmiðlanefndar, www.fjolmidlanefnd.is

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:

Starfsskilyrði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðilsins.

Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðilsins.

Skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Fjölmiðlar senda fjölmiðlanefnd reglur sínar til

Fjölmiðlanefnd bárust fjórtán formlegar kvartanir á árinu 2015. Flestar bárust frá almenningi eða hagsmunasamtökum en tvær frá samkeppnisaðilum þeirra sem kvartað var yfir.

staðfestingar. Reglur sem uppfylla ofangreind skilyrði eru staðfestar en vanti eitthvað af þessum atriðum er fjölmiðlaveitan beðin um að gera viðeigandi breytingar. Verði hún ekki við þeirri beiðni fást reglurnar ekki staðfestar en eru engu að síður birtar á vef nefndarinnar, með fyrirvara um að reglurnar hafi ekki verið staðfestar. Slíkt heyrir þó til undantekninga og hafa nánast allar reglur fjölmiðla um ritstjórnarlegt sjálfstæði verið staðfestar af fjölmiðlanefnd.

Árið 2015 voru reglur tveggja fjölmiðla um ritstjórnarlegt sjálfstæði staðfestar og birtar á vef nefndarinnar:

1. Reglur Stundarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði.
2. Reglur Radio FM Iceland um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

2.5 Móttaka og meðferð kvartana

Fjölmiðlanefnd tekur við erindum og kvörtunum frá almenningi, vegna meintra brota á lögum um fjölmiðla, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Telji nefndin að nægar ástæður séu til meðferðar er óskað upplýsinga og sjónarmiða frá fyrirsvarsmanni þeirri fjölmiðlaveitu sem kvörtunin beinist að. Telji nefndin að kvörtun gefi ekki nægar ástæður til meðferðar er kvartanda sent skriflegt svar með skýringum og rökstuðningi þess efnis. Taki fjölmiðlanefnd kvörtun til meðferðar gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferðina.

Fjölmiðlanefnd bárust fjórtán formlegar kvartanir á árinu 2015. Flestar bárust frá almenningi eða hagsmunasamtökum en tvær frá samkeppnisaðilum þeirra sem kvartað var yfir.

Sex málum lauk með ákvörðunum, byggðum á málum sem tekin voru upp eftir óformlegar ábendingar eða að frumkvæði nefndarinnar. Einni formlegri kvörtun lauk með ákvörðun sem birt var í janúar 2016. Öll álit og ákvarðanir fjölmiðlanefndar eru aðgengileg á heimasíðu fjölmiðlanefndar.

1. Ákvörðun 1/2015: *Sýning á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir vatnaskil á RÚV – 2. febrúar 2015.*

2. Ákvörðun 2/2015: *Sýning á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir vatnaskil á Stöð 2 Sport – 23. mars 2015.*

3. Ákvörðun 3/2015: *Sýning á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir vatnaskil á Stöð 2 Sport – 13. apríl 2015.*

4. Ákvörðun 4/2015: *Óheimil viðskiptaboð fyrir áfengi í kynningarblaði DV um bjór – 29. júní 2015.*

5. Ákvörðun 5/2015: *Óheimil viðskiptaboð fyrir áfengi og duldar auglýsingar í fylgiblaði 365 miðla um bjór – 29. júní 2015.*

6. Ákvörðun 6/2015: *Óheimil viðskiptaboð fyrir áfengi í 10. tölublaði Gestgjafans – 27. október 2015.*

2.5 Vernd barna

2.5.1 Nýjar leiðbeiningar fyrir fjölmiðla

Eftirlit með reglum um vernd barna gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum var áfram forgangsmál hjá fjölmiðlanefnd árið 2015. Gefnar voru út leiðbeiningar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum. Þar var fjallað um rétt

barna til að njóta öryggis og verndar gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum en sá réttur er lögfestur í 28. gr. laga um fjölmiðla. Í 28. gr. er m.a. að finna svokallað vatnaskilaákvæði, sem er eitt þeirra ákvæða sem hvað mest hefur reynt á í ákvörðunum fjölmiðlanefndar frá því lög um fjölmiðla tóku gildi. Í vatnaskilaákvæðinu kemur fram hvers konar efni má sýna í hljóð- og myndmiðlum fyrir „vatnaskil“, þ.e. fyrir tiltekinn tíma að kvöldi og að morgni.

Markmið fjölmiðlanefndar með útgáfu leiðbeininganna var að upplýsa starfsfólk hljóð- og myndmiðla um skilyrði 28. gr. laga um fjölmiðla, þau sjónarmið sem þar liggja að baki og hvernig uppfylla má þær kröfur sem þar eru gerðar. Tilgangurinn var að meðferð fjölmiðlanefndar á málum er varða brot á 28. gr. laga um fjölmiðla verði gagnsæ og fyrirsjáanleg og að gætt verði jafnræðis milli hljóð- og myndmiðla við meðferð slíkra mála.

Reglur um vernd barna og vatnaskil lágmarka líkurnar á að börn hafi aðgang að efni sem talist getur skaðlegt velferð þeirra. Reglunum er ekki hvað síst ætlað að vernda viðkvæm börn og börn sem ekki geta gengið að leiðsögn og stuðningi vísum heima fyrir. Með því að fjölmiðlaveitur beri ábyrgð á því framfylgja reglum um vatnaskil og vernd barna aukast líkur á að öll börn njóti viðunandi verndar gegn efni sem ekki er við þeirra hæfi, óháð heimilisaðstæðum hverju sinni.

Leiðbeiningarnar voru sendar öllum hljóð- og myndmiðlum til umsagnar í maí 2015 og sendar sömu miðlum, auk þess sem þær voru birtar í endanlegri útgáfu á vef fjölmiðlanefndar í lok júní. Þær eru aðgengilegar hér og á vef nefndarinnar undir flipanum tilkynningar.


FJÖLMIÐLANEFND

Leiðbeiningar
FYRIR FJÖLMIÐLA
um vernd barna gegn skaðlegu efni

Júní 2015

Gefnar voru út leiðbeiningar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni.

2.5.2 Ákvarðanir vegna sýninga á efni sem ekki er við hæfi barna

Í mars og apríl voru birtar þrjár ákvarðanir er vörðuðu sýningu á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir þau tímamörk vatnaskila sem kveðið er á um í lögum um fjölmiðla. Vatnaskil samkvæmt þeim lögum eru kl. 22:00 á föstudögum og laugardögum og kl. 21:00 aðra daga. Óheimilt er að sýna efni sem ekki er við hæfi barna fyrir þessi tímamörk.

1.

Ákvörðun 1/2015 varðaði sýningu kvikmyndarinnar GoldenEye sem sýnd var föstudagskvöldið 9. janúar 2015 á RÚV en myndin var bönnuð börnum yngri

Handbókin Börn og fjölmiðlanotkun, sem fjölmiðlanefnd, SAFT og Heimili og skóli gáfu út 2015 í samstarfi við Menntamálaráðuneytið.

en 12 ára. Sýning myndarinnar hófst kl. 20.55 eða um klukkustund áður en heimilt er að sýna efni sem bannað er börnum í línulegri dagskrá á föstudagskvöldum. Kvikmyndin var auðkennd með gulu merki sem þýðir að myndin var ekki talin við hæfi barna yngri en 12 ára. Ríkisútvarpið harmaði mistökin sem leiddu til þess að kvikmyndin var sýnt umrætt kvöld klukkustund fyrir vatnaskil. Var það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Fallið var frá sektarákvörðun í málinu.

2.

Í ákvörðun 2/2015 fjallaði fjölmiðlanefnd um útsendingu á dagskrárliðnum UFC Fight Night sem hófst á Stöð 2 Sport á laugardegi kl. 19:00 eða þremur tímum fyrir vatnaskil. Meðferð málsins og viðræður við 365 miðla leiddu til sáttar í málinu, sem fól það í sér að 365 miðlar skuldbundu sig til að birta framvegis skýra viðvörun á undan sýningum frá keppnum í blönduðum bardagalistum (MMA). Jafnframt verður slíkt efni auðkennt með sjónrænu merki sem gefur til kynna að efnið sé ekki við hæfi barna, allan tímann sem efninu er miðlað. Sama regla gildir við sýningu 365 miðla frá keppnum í öðrum bardagaíþróttum sem innihalda sýnilegt og verulegt ofbeldi sem talist getur skaðlegt velferð barna. Fjölmiðlanefnd kynnti inntak ákvörðunarinnar fyrir öðrum myndmiðlum og hvatti þá til að fylgja sömu reglum.

3.

Í ákvörðun 3/2015 taldi fjölmiðlanefnd að auglýsingastikla úr kvikmyndinni Borgríki 2 sem sýnd var á Stöð 2 Sport fyrir kl. 22:00 á laugardegi eða fyrir vatnaskil, hafi innihaldið myndefni sem ekki er við hæfi barna undir tólf ára aldri. Við meðferð málsins féllust 365 miðlar á að birting auglýsingastiklunnar hafi verið í andstöðu við ákvæði laga. Jafnframt kom fram að 365 miðlar hafi komið upp verklagi innan fyrirtækisins sem eigi að tryggja að slíkt hendi ekki aftur. Með vísan til þess ákvað fjölmiðlanefnd að falla frá sektarákvörðun í málinu.

2.6 Miðlalæsi og miðlanotkun barna

Í apríl 2015 gaf fjölmiðlanefnd út nýja handbók um miðlalæsi og miðlanotkun barna, í samstarfi við SAFT og Heimili og skóla. Handbókin ber nafnið Börn og miðlanotkun og er ætluð foreldrum barna á grunnskólaaldri. Í henni er fjallað um sjónarmið sem gott er að hafa í huga í tengslum við miðlanotkun barna og ungmenna. Í hverjum kafla eru haldbærar leiðbeiningar sem settar eru upp með þeim hætti að foreldrar geti auðveldlega hafið samtal við börnin sín um hinar ýmsu hliðar miðlanotkunar; leyft þeim að kynnast ólík-

um miðlum og nýta sér þau tækifæri sem miðlarnir bjóða upp á en um leið kennt börnunum að verjast skuggahliðum miðlanna og tileinka sér gagnrýna hugsun gagnvart þeim skilaboðum sem þar er að finna. Handbókin var þýdd úr ensku og staðfærð af fjölmiðlanefnd og Heimili og skóla en hún var upprunalega gefin út í Finnlandi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti útgáfuna. Handbókin er *aðgengileg á rafrænu formi á vef fjölmiðlanefndar*.

2.7 Eftirlit með reglum um viðskiptaboð í fjölmiðlum

2.7.1 Nýjar leiðbeiningar um auglýsingar, kostun og vöruinnsetningar

Eftirlit með reglum um viðskiptaboð í fjölmiðlum var í brennidepli hjá fjölmiðlanefnd árið 2015. Nefndin gaf út *leiðbeiningar til fjölmiðla um bann við duldum viðskiptaboðum og kostun og vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni*. Leiðbeiningarnar voru sendar öllum fjölmiðlum til umsagnar í ágúst 2015 og einnig birtar á vef nefndarinnar í desember sama ár. Í þeim var meðal annars fjallað um þær reglur sem gilda um merkingar á viðskiptaboðum og hvernig aðgreina beri kostað kynningarefni frá ritstjórnarefni. Þá var fjallað um kostanir og vöruinnsetningar í hljóð- og myndmiðlum og reglur á því sviði.

Leiðbeiningunum er fyrst og fremst ætlað að upplýsa starfsfólk og stjórnendur fjölmiðla um gildandi reglur og túlkun fjölmiðlanefndar á þeim. Tilgangurinn er að meðferð fjölmiðlanefndar á málum, er varða brot á lögum um fjölmiðla, verði eins gagnsæ og fyrirsjáanleg og mögulegt er og að gætt verði jafnræðis milli fjölmiðla við meðferð slíkra mála.

Reglur um auglýsingar og önnur viðskiptaboð í lögum um fjölmiðla byggja að stærstum hluta á samsvarandi reglum í hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins. Reynt er að samræma með sem bestum hætti túlkun og eftirlit með því að farið sé að ákvæðunum í einstökum ríkjum á EES-svæðinu. Við gerð leiðbeininga fjölmiðlanefndar var því litið til túlkunar nokkurra eftirlitsstofnana í nágrannaríkjum Íslands á samsvarandi reglum.

AF HVERJU BREYTTIST ÖRIN Í HÖND?
OG AÐRAR SPURNINGAR UM NETIÐ

MEÐ BARNINU ÞÍNU

Mikilvægt er að nota örugga vefþjónustu sem ætluð er börnum þegar barninu er kennt að nota netið og smáforrit fyrir síma og spjaldtölvur. Um leið og þið skoðið netið saman má útskýra grunnreglur um netnotkun fyrir barninu.

ÚTSKÝRÐU ALGENGUSTU AÐGERÐIR OG HUGTÖK FYRIR BARNINU ÞÍNU

Kenndu barninu að þekkja vefhlekki, vefauglýsingar (auglýsingaborða), hvernig vefleitarvélar virka, hvernig á að gera bókamerki (bookmark) og hvernig vefslóðir líta út. Útskýrðu einnig helstu aðgerðir í þeim smáforritum sem barnið þitt notar.

VERTU GÓÐ FYRIRMYND

Hið sama gildir um miðlanotkun og önnur svið lífsins, börn læra það sem fyrir þeim er haft.

SPURÐU BARNIÐ:

- Hvernig vefsíður langar þig að skoða? Af hverju?
- Hver er uppáhalds símaleikurinn þinn?
- Veistu af hverju það eru auglýsingaborðar á vefsíðum?
- Hvað áttu að gera ef grunsamlegur gluggi birtist á skjánum?
- Hvað áttu að gera ef þú gerir innsláttarvillu og lendir óvart á rangri vefsíðu?
- Hvað áttu að gera ef eitthvað óþægilegt gerist þegar þú ert á netinu?

MUNDU:

- Ef þú ætlar að birta myndir af barninu á netinu skaltu biðja það um leyfi fyrst. Þannig lærir barnið að fá leyfi hjá fólki áður en það birtir myndir af því á netinu.
- Ef þú eyðir mörgum klukkustundum á netinu og vanrækir hreyfingu, samskipti við fjölskyldu og vini og aðrar hliðar lífsins lærir barnið þitt að haga lífi sínu á sama hátt.
- Ef þú virðir ekki aldursviðmið fyrir tölvuleiki, sjónvarpsþætti og kvikmyndir sem barnið þitt fær aðgang að gæti það haldið að ekki þurfi heldur að fara eftir aldursviðmiðum á netinu.
- Mundu að virða höfundarrétt þegar þú birtir myndir og annað myndefni á netinu. Segðu barninu þínu að það sé brot á höfundalögum að afrita efni með ólögmætum hætti og jafnframt að það sé lögbrot að dreifa röngum og móðgandi (ærumeiðandi) upplýsingum um annað fólk.

6 | BÖRN & MIÐLANOTKUN | HANDBÓK

Úr handbókinni Börn og miðlanotkun.



Leiðbeiningar fjölmiðlanefndar um bann við duldum viðskiptaboðum og kostun og vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni eru aðgengilegar hér og á vef nefndarinnar undir flipanum tilkynningar.

2.7.2 Ákvarðanir vegna brota á reglum um viðskiptaboð

Árið 2015 voru birtar þrjár ákvarðanir er vörðuðu brot á banni við áfengisauglýsingum og öðrum viðskiptaboðum fyrir áfengi.

Í ákvörðun nr. 4/2015 var það mat fjölmiðlanefndar að með útgáfu fylgiblaðsins Bjór, sem út kom og dreift var með DV föstudaginn 27. febrúar 2015, hafi DV ehf. brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Taldi fjölmiðlanefnd hæfilegt að stjórnvaldssekt vegna brotsins næmi 750.000 kr.

Í ákvörðun nr. 5/2015 komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að með útgáfu fylgiblaðsins Bjórmenning á Íslandi, sem út kom og dreift var með Fréttablaðinu þann 21. mars 2015, hafi 365 miðlar hf. brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og gegn 1. mgr. 37. gr. um skyldu til aðgreiningar ritstjórnarefnis og viðskiptaboða og 2. mgr. 37. gr. um bann við duldum auglýsingum. Taldi fjölmiðlanefnd hæfilegt að stjórnvaldssekt vegna brotsins næmi 2.000.000 kr.

Í ákvörðun nr. 6/2015 var það niðurstaða fjölmiðlanefndar að áfengisumfjöllun í 10. tölublaði Gestgjafans félli undir skilgreiningu laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um viðskiptaboð fyrir áfengi. Meðferð málsins og viðræður fjölmiðlanefndar við Útgáfufélagið Birtíng ehf. leiddu til sáttar í málinu. Sáttin felur það í sér að Birtíngur útgáfufélag skuldbindur sig til að virða bannákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og tryggja að engum auglýsingum, kynningum eða öðrum viðskiptaboðum fyrir áfengi verði miðlað í fjölmiðlum útgáfunnar. Sáttin felur það jafnframt í sér að fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemdir við að faglegri ritstjórnarumfjöllun um áfengi verði áfram miðlað í Gestgjafanum, á svokölluðum Vínsíðum, enda lúti sá efnisþáttur ritstjórnarlegum lögmálum og sé ekki miðlað gegn greiðslu af neinu tagi.

2.8 Tal og texti á íslensku

Í 29. gr. laga um fjölmiðla er að finna ákvæði um að allir fjölmiðlar skuli eftir því sem við á efla íslenska tungu og að fjölmiðlar skuli marka sér málstefnu í því skyni. Í greininni er tekið fram að engu að síður sé heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Sem dæmi um fjölmiðla sem myndu falla í þennan flokk eru útvarpsstöðvar þar sem efni er eingöngu sent út á pólsku eða ensku.

Þá segir í lögunum að hljóð- og myndefni á erlendu máli skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Þetta á þó hvorki við um beinar útsendingar á fréttum eða fréttatengdu efni né flutning erlendra söngtexta.

Nokkur mál vegna skyldu til tals og textunar á íslensku komu á borð fjölmiðlanefndar 2015:

Sótt var um heimild til að starfrækja trúarlegu sjónvarpsstöðina Omega á ensku í stað íslensku. Ljóst var að þar með yrði erlent efni stöðvarinnar ekki textað á íslensku en efni stöðvarinnar er að meginhluta beint að íslenskumælandi áhorfendum. Taldi fjölmiðlanefnd ekki forsendur fyrir því að fallast á beiðnina og var henni hafnað.

Fjölmiðlanefnd bárust nokkrar ábendingar sem vörðuðu sýningar frá íþróttaleikjum án íslensks tals eða texta í miðlum 365. Óskað var upplýsinga frá 365 miðlum vegna þessa og var staðfest í svörum félagsins að nokkrir leikir hefðu verið sendir út án textalýsingar. Ástæðan hafi verið að mikið af nýju efni hafi verið keypt inn þá um sumarið. Þegar viðburðum hafi verið raðað upp hafi komið í ljós að margir þeirra sköruðust og að stúdíó félagsins hafi ekki verið nógu mörg til að sinna þeim öllum. Af því tilefni hafi verið ráðist í miklar framkvæmdir sem séu tímafrekar. Óskuðu 365 miðlar eftir fresti til að uppfylla skilyrði 29. gr. og var umbeðinn frestur veittur.

Fjölmiðlanefnd barst ábending þar sem því var haldið fram að efni á Vodafone Play og Cirkus væri hvorki textað né talsett á íslensku nema að litlum hluta. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum Vodafone kom fram að unnið væri að að því að ljúka íslenskri textun á öllu erlendu efni og óskaði félagið eftir aðlögunarfresti í ljósi þess að um væri að ræða textun á mörgum tugum þáttaraða. Fallist var á að veita umbeðinn frest.

2.9 Eftirlit með lögum um Ríkisútvarpið

Fjölmiðlanefnd var falið eftirlit og mat á almannaþjónustuhlutverki Ríkisúvarpsins með lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, sem tóku gildi 22. mars 2013. Samkvæmt þeim á fjölmiðlanefnd að afhenda stjórn Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra mat sitt eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ársskýrsla Ríkisútvarpsins hefur verið birt.

Fjölmiðlanefnd skilaði þriðja erindi sínu vegna mats á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins þann 1. júní 2015 og tók það til rekstrarársins 1. september 2013 – 31. ágúst 2014. Erindið tók mið af því að þjónustusamningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins hafði ekki verið gerður á tímabilinu. Í erindinu ítrekaði fjölmiðlanefnd að forsenda þess að nefndin geti sinnt eftirliti með Ríkisútvarpinu og lagt sjálfstætt mat á það hvort félagið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt er að markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfsemi Ríkisútvarpsins hafi verið útfært í þjónustusamningi, eins og kveðið er á um í lögum nr. 23/2013. Nefndin

hafði áður bent á þetta í bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra í júní 2014 og 2015.

Fjölmiðlanefnd benti á að þar sem slíkur samningur hafi ekki verið gerður vanti enn þau hlutlægu viðmið sem nefndinni væri ætlað að hafa til hliðsjónar í mati sínu. Þá hafi framkvæmd og fjármögnun fjölmiðlunar í almannaþágu á öllu samningstímabilinu ekki verið útfærð, eins og kveðið væri á um í lögum um Ríkisútvarpið. Nefndin teldi sér því ekki fært að leggja mat á almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins til samræmis við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisstyrki til aðila sem sjá um útsendingar í almannaþágu.

Nefndin vakti einnig athygli á því að ekki væri með beinum hætti kveðið á um það í lögum um Ríkisútvarpið að fjölmiðlanefnd skuli hafa eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði reksturs almannaþjónustu frá öðrum rekstri, þrátt fyrir að umfjöllun í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 23/2013 gefi til kynna að slíkt eftirlit eigi að vera í höndum nefndarinnar, m.a. með tilvísun með almennum hætti til leiðbeinandi reglna ESA. Þannig geri þjónustusamningur á grundvelli eldri laga ráð fyrir virkara hlutverki Ríkisendurskoðunar við eftirlitið en með lögum nr. 23/2013 en samkvæmt þeim skal Ríkisendurskoðun eingöngu liðsinna fjölmiðlanefnd við mat á kostnaðargreiningu. Lagði fjölmiðlanefnd áherslu á það að kveða þurfi á um það með skýrum hætti í þjónustusamningi hverjum sé ætlað að hafa eftirlit með 5. gr. laga um Ríkisútvarpið um fjárhagslegan aðskilnað. Sé ætlunin að fjölmiðlanefnd sinni því hlutverki þurfi jafnframt að skýra hlutverk Ríkisendurskoðunar við matið.

Jafnframt ítrekaði fjölmiðlanefnd að nefndin hafi ekki fengið fjárveitingar til að afla sér sérfræðiþekkingar til að framkvæma ítarlegt mat á fjárreiðum félagsins, eins og kveðið væri á um í 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þvert á móti hafi fjárveitingar til nefndarinnar verið skornar niður um 8,5% á árinu 2014 og engar fjárveitingar hafi heldur fengist til að sinna þessu mikilvæga verkefni á árinu 2015.

Fjölmiðlanefnd benti að lokum á að brýnt væri að gerður yrði nýr þjónustusamningur við Ríkisútvarpið þar sem einnig verði fjallað um fjármögnun fjölmiðlunar í almannaþágu á öllu samningstímabilinu, líkt og kveðið sé á um í lögum um Ríkisútvarpið. Slíkur samningur sé forsenda þess að fjölmiðlanefnd geti uppfyllt lagalega skyldu sína um eftirlit með Ríkisútvarpinu, til að tryggja megi gagnsæi í störfum Ríkisútvarpsins og að ekki verði röskun á samkeppnisstöðu annarra fjölmiðla.

Þess má geta að nýr samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu með gildistímann 1. janúar 2016 - 31. desember 2019 var gerður í apríl 2016. Í erindi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 27. september 2016, var fallist á að fjölmiðlanefnd leggi ekki mat á starfsemi Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1. september 2013 – 31. ágúst 2014. Jafnframt kom fram í erindinu að ráðuneytið geri ráð fyrir að mat á starfsemi Ríkisútvarpsins verði í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um Rikisútvarpið frá 1. janúar 2016.

2.10 Umsagnir til Alþingis og fleiri stofnana

2.10.1 Umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp

Fjölmiðlanefnd veitti þrjár umsagnir um lagafrumvörp árið 2015, að beiðni Alþingis.

1. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla (textun myndefnis) frá 9. mars 2015.

Umsögnina má lesa hér.

2. Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara frá 19. maí 2015

Umsögnina má lesa hér.

3. Umsögn um þingsályktun um geðheilbrigðismál frá 24. nóvember 2015

Umsögnina má lesa hér.

2.10.2 Umsagnir til Samkeppniseftirlitsins í samrunamálum

Samstarf fjölmiðlanefndar við Samkeppniseftirlitið felst í eftirliti með samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði og leitar Samkeppniseftirlitið formlegrar umsagnar fjölmiðlanefndar í samrunamálum á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlanefnd veitti umsögn í einu samrunamáli árið 2015, vegna *samrunamáls Vefpressunnar og Fótspors, í október 2015*.

Vísað er til umsagnar fjölmiðlanefndar í *ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2015*.

2.10.3 Svör við fyrir spurnum á Alþingi

1. Í janúar 2015 óskaði menntamálaráðuneytið eftir upplýsingum frá fjölmiðlanefnd vegna fyrirspurnar Willums Þórs Þórssonar á Alþingi. Um var að ræða spurningar í tíu liðum varðandi starfsemi nefndarinnar, breytingar á eignarhaldi tveggja fjölmiðla og hlutverk nefndarinnar við skráningu eignarhalds og fleira. Spurningarnar og svör menntamálaráðherra eru aðgengileg á *vef Alþingis*.

2. Í mars 2015 óskaði innanríkisráðuneytið eftir upplýsingum frá nefndinni vegna fyrirspurnar Ögmundar Jónassonar á Alþingi. Um var að ræða spurningar í þremur liðum varðandi brot á banni við áfengisauglýsingum, m.a. um fjölda mála sem rannsökuð hefðu verið og lyktir þeirra. Spurningarnar og svör innanríkisráðherra eru aðgengileg á *vef Alþingis*.

2.11 Alþjóðlegt samstarf

Mars

Fundur með norrænum fjölmiðlaeftirlitum

Einu sinni á ári er haldinn fundur norrænna fjölmiðlaeftirlita, sem að þessu sinni fór fram í Stokkhólmi í Svíþjóð. Á meðal umfjöllunarefna á fundinum voru duldar auglýsingar, kostun hljóð- og myndefnis, vernd barna, veðmála- og áfengisauglýsingar í fjölmiðlum, fjármögnun almannaþjónustumiðla á Norðurlöndum og stuðningur stjórnvalda við starfsemi fjölmiðla.

September

Heimsókn Dunju Mijatovic

Dunja Mijatovic, fulltrúi ÖSE fyrir frelsi fjölmiðla, og fylgdarlið hennar heimsóttu fjölmiðlanefnd þann 8. september 2015 en Mijatovic var þá í tveggja daga heimsókn hér á landi til að kynna sér íslenskt fjölmiðlaumhverfi. Auk fjölmiðlanefndar fundaði hún með ráðherrum, alþingismönnum og Blaðamannafélagi Íslands. Í lok heimsóknar sinnar sendi Mijatovic frá sér fréttatilkynningu þar sem íslensk stjórnvöld voru hvött til þess að efla og styðja við kraftmikla og sjálfstæða fjölmiðla.

Október

Fundur með evrópskum fjölmiðlaeftirlitum

Tvisvar á ári er haldinn fundur evrópskra fjölmiðlaeftirlita á vettvangi EPRA (European Platform of Regulatory Authorities.) Fulltrú-

Samstarf fjölmiðlanefndar við Samkeppniseftirlitið felst í eftirliti með samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði og leitar Samkeppniseftirlitið formlegrar umsagnar fjölmiðlanefndar í samrunamálum á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlanefnd stóð meðal annars fyrir málfundum um réttinn til tjáningarfrelsis og skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga.

ar fjölmiðlanefndar sóttu annan af þessum tveimur fundum, sem var haldinn í Nürnberg í Þýskalandi. Þar var meðal annars fjallað um endurskoðun hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins, sýnileika almannaþjónustumiðla í breyttu tækniumhverfi, breytingar og áskoranir varðandi vöruinnsetningar og önnur viðskiptaboð, og hvað eftirlitsaðilar geti gert til að stuðla að fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.

2.12 Málþing og opinber umræða á öðrum vettvangi

Janúar

Penninn eða sverðið – er tjáningarfrelsið í hættu?

Þriðjudaginn 20. janúar 2015 héldu fjölmiðlanefnd og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hádegisfund í Háskóla Íslands um réttinn til tjáningarfrelsis. Tilefni fundarins voru hryðjuverk sem framin voru á ritstjórnarskrifstofum skoptímaritsins Charlie Hebdo í Frakklandi. Fundarstjóri var Salvör Nordal, prófessor í heimspeki, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ og fulltrúi í fjölmiðlanefnd. Á fundinum talaði Þórir Jónsson Hraundal um bakgrunn myndbirtingabanns í islam, ýmsar algengar hugmyndir Vesturlandabúa um múslima og trú þeirra, og velti upp nokkrum spurningum um mögulegar undirliggjandi ástæður voðaverkanna í París. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, fjallaði um hvaða áhrif voðaverkin í París geti haft á tjáningarfrelsi og borgaraleg réttindi á Vesturlöndum. Róbert H. Haraldsson fjallaði um tjáningarfrelsið og mörk þess í heimspekilegu samhengi og rétt einstaklingsins til að hugsa frjálslega og tjá hugsanir sínar óþvingað og óttalaust. Róbert fjallaði sérstaklega um tjáningarfrelsið í tengslum við birtingu trúarlegra skopmynda í Jyllands-Posten og í tímaritinu Charlie Hebdo. Að framsögum loknum fóru fram umræður með þátttöku fundargesta.

Júní

Fundur fólksins - Skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga

Föstudaginn 12. júní 2015 stóð fjölmiðlanefnd fyrir málfundi á samfélagshátíðinni Fundur fólksins í sal Norræna hússins undir yfirskriftinni Hverjar eru skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga? Erindi fluttu Heiðar Örn Sigurfinnsson, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, lögfræðingur fjölmiðlanefndar og Finnur Beck, formaður nefndar mennta- og menningarmálaráðherra um aðgang stjórnmálahreyfinga og frambjóðenda að fjölmiðlum í aðdraganda kosninga en nefndin skilaði tillögum sínum árið 2013. Málstofustjóri var Arna Schram, fulltrúi í fjölmiðlanefnd. Á meðal þess sem fjallað var um voru almennar skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga og þær ólíku kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins og einkarekinna miðla. Farið var yfir lagareglur sem gilda um kosningaumfjöllun fjölmiðla og ábendingar alþjóðastofnana, m.a. um framsetningu skoðanakannana og gjaldfrjálsan auglýsingatíma. Þá lýsti fréttamaður Ríkisútvarpsins því hvernig framkvæmdin hefur verið hjá Ríkisútvarpinu. Að framsögum loknum fóru fram umræður með þátttöku fundargesta.

September

Opinn fundur um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum og á internetinu.

Mánudaginn 7. september var haldinn opinn fundur í Háskóla Íslands um tjáningarfrelsi í

fjölmiðlum og á internetinu, þar sem Dunja Mijatovic, fulltrúi ÖSE fyrir frelsi fjölmiðla, hélt erindi. Fundurinn var haldinn á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fjölmiðlanefnd. Fundarstjóri var Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Í erindi sínu ræddi Mijatovic meðal annars hvernig áróðri er markvisst beitt í milliríkjaátökum og sagði frá því hvernig öryggi blaðamanna og bloggara er víða ógnað, ekki síst kvenna. Hún sagði mikilvægt að styrkja og viðhalda því frjálsa fjölmiðlaumhverfi sem nú þegar væri til staðar hér á landi, lýsti ánægju sinni með að refsingar vegna guðlasts hafi verið afnumdar úr íslenskum lögum og kvaðst styðja hugmyndir um afnám refsinga vegna ærumeiðinga. Þá sagði hún mikilvægt að vernda ríkisfjölmiðilinn.

Fræðileg umfjöllun

Fræðigreinin *Mikilvægi faglegrar blaða- og fréttamennsku og hugleiðingar um það aðhald sem við veitum henni,* eftir Elfu Ýri Gylfadóttur og Karl Axelsson, var birt í 1. tölublaði 11. árgangi tímaritsins Lögréttu.

Önnur umfjöllun á opinberum vettvangi

Blaðagreinar

Elfa Ýr Gylfadóttir framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar: *Penninn eða sverðið? Hugleiðing um tjáningarfrelsi í kjölfar voðaverkanna í París*, greinin birtist á vef Kjarnans 20. janúar 2015.

Elfa Ýr Gylfadóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla: *Þarf einnig annars konar læsi á 21. öld?* Greinin birtist í Fréttablaðinu 7. febrúar 2015.

Elfa Ýr Gylfadóttir: *Rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla í erlendum samanburði*, greinin birtist í Fréttablaðinu 10. nóvember 2015.

Þátttaka í málstofum

Pressukvöld Blaðamannafélags Íslands 20. janúar 2015. Elfa Ýr Gylfadóttir flutti erindið *Íslenskur fjölmiðlamarkaður 2015. Hugleiðingar um eignarhald og gagnsæi.*

Evrópuráðið 13. og 14. október 2015. Elfa Ýr Gylfadóttir stýrði umræðum um áhrif hryðjuverkalaga á tjáningarfrelsið á ráðstefnu Evrópuráðsins um tjáningarfrelsi *Freedom of expression: Still a precondition for democracy?* sem haldin var í Strassborg í Frakklandi.

Jafnréttisþing 25. nóvember 2015. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, stýrði umræðum á málstofunni *Kyn og fjölmiðlar.*

Viðtöl og umræður í fjölmiðlum

Víðsjá á Rás 1, 7. janúar 2015. Rætt um stöðu og horfur á fjölmiðlamarkaði við Elfu Ýri Gylfadóttur, Andra Snæ Magnason rithöfund, Valgerði Jóhannsdóttur, aðjúnkt við meistaranám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, Jón Trausta Reynisson, ritstjóra Stundarinnar og Þórð Snæ Júlíusson, ritstjóra Kjarnans.

Samfélagið á Rás 1, 9. janúar 2015. Rætt við Elfu Ýri Gylfadóttir um hlutverk fjölmiðlanefndar.

Viðtalið á RÚV, 12. janúar 2015. Sigríður Hagalín Björnsdóttir fréttamaður ræddi við Karl Axelsson, formann fjölmiðlanefndar, um stöðu íslenskrar fjölmiðlunar.

Síðdegisútvarpið á Rás 2, 19. janúar 2015. Mörk málfrelsis og myndbirtingabann: Viðtal við Elfu Ýri Gylfadóttur, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar, og Þóri Jónsson Hraundal sagn-

Dunja Mijatovic, fulltrúi ÖSE fyrir frelsi fjölmiðla, heimsótti Ísland á árinu og hélt erindi á opnum fundi um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum og á netinu.

fræðing í tilefni af hádegisfundi fjölmiðlanefndar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands 20. janúar 2015.

Fréttastofa RÚV, 2. júní 2015. Rætt við Heiðdísi Lilju Magnúsdóttur, lögfræðing hjá fjölmiðlanefnd, í tilefni af þriðja sigri Erlu Hlynsdóttur blaðamanns gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

Víðsjá á Rás 1, 31. júlí 2105. Hverju skal miðla? Rætt um eignarhald á fjölmiðlum við Elfu Ýri Gylfadóttur, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar, Atla Þór Fanndal blaðamann, Ingimar Karl Helgason þáverandi ritstjóra Reykjavíkur vikublaðs, Þorbjörn Broddason, prófessor við Háskóla Íslands, og Þórð Snæ Júlíusson, ritstjóra Kjarnans.

Fréttastofa RÚV, 18. september 2015. Rætt við Elfu Ýri Gylfadóttur framkvæmdastjóra og Karl Axelsson, formann fjölmiðlanefndar, um efni fræðigreinar þeirra, „Mikilvægi faglegrar blaða- og fréttamennsku og hugleiðingar um það aðhald sem við veitum henni," sem birtist í Tímariti Lögréttu í septemberlok 2015.



18
Hemmur
um Grafarholt
Thai

3. SKIPTING BIRTINGAFJÁR 2015

3.1 Tilhögun og framkvæmd samantektar

Á Íslandi eru einkareknir og ríkisreknir fjölmiðlar að stórum hluta fjármagnaðir með auglýsingum. Þróun auglýsingamarkaðar og skipting birtingafjár milli miðla getur gefið mikilvægar vísbendingar um það hvernig fjölmiðlamarkaðurinn er að þróast en birtingafé eða auglýsingafé er, eins og margir þekkja, það fjármagn sem fyrirtæki verja til birtinga á auglýsingum í fjölmiðlum.

Árið 2015 tók fjölmiðlanefnd í fyrsta skipti saman upplýsingar um skiptingu birtingafjár á Íslandi milli miðla en upplýsingarnar tóku til ársins 2014 og byggðu á tölum frá nokkrum stærstu birtingahúsunum á Íslandi. Upplýsingarnar leiddu í ljós að prentmiðlar hlutu stærstan hluta birtingafjár hér á landi 2014 eða 37% og sjónvarp fylgdi fast á eftir með 29,1%. Um 15,8% auglýsingafjár var varið í auglýsingar í útvarpi og 15,6% í auglýsingar á netinu. Þá kom í ljós að rúmlega 3% birtingafjár rann til erlendra vefmiðla árið 2014. Þegar auglýsingar á vefnum voru skoðaðar sérstaklega voru niðurstöður þær að um 20,4% af birtingafé á netinu rann til erlendra vefmiðla á móti 79,6% hlut innlendra vefmiðla.

Fjölmiðlanefnd birtir nú upplýsingar um skiptingu birtingafjár hér á landi fyrir árið 2015. Fimm stærstu birtingahúsin á Íslandi tóku þátt í verkefninu.Talið er að birtingahús kaupi um helming auglýsinga á markaði eða fyrir rúma fimm milljarða króna. Að auki var óskað eftir upplýsingum frá fjölmiðlum vegna auglýsinga sem keyptar voru án aðkomu birtingahúsa. Því miður voru heimtur frá fjölmiðlum ekki fullnægjandi til að yfirsýn hafi náðst yfir markaðinn í heild en einungis ellefu fjölmiðlar afhentu þessar upplýsingar.

SKIPTING BIRTINGARFJÁR MILLI MIÐLA 2015

Birtingahús og fjölmiðlar



Skipting birtingafjár milli miðla 2015

	2015 Birtingahús og fjölmiðlar	2015 Birtingahús	2014 Birtingahús
Prentmiðlar	32,3%	34,0%	37,0%
Sjónvarp	**30,0%**	**28,2%**	**29,1%**
Útvarp	16,8%	16,8%	15,8%
Vefur, innanlands	**15,2%**	**15,0%**	**12,4%**
Vefur, erlendis	3,1%	3,3%	3,2%
Annað (bíó, flettiskilti o.fl.)	**2,6%**	**2,7%**	**2,4%**

SKIPTING BIRTINGARFJÁR MILLI MIÐLA 2015

Birtingahús



Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru settar fram með þeim fyrirvara að stærsti fjölmiðillinn, sem afhenti fjölmiðlanefnd upplýsingar um skiptingu birtingafjár, er á markaði fyrir sjónvarp. Því eru hér einnig birtar niðurstöður sem eingöngu byggja á tölum birtingahúsanna, líkt og þær niðurstöður sem kynntar voru í fyrra. Þrátt fyrir að tölur sem hér eru settar fram miðist einungis við um helming auglýsinga sem seldar voru á íslenskum fjölmiðlamarkaði árið 2015 geta þær engu að síður gefið mikilvægar upplýsingar um það hvernig fjölmiðlamarkaðurinn er að þróast hér á landi.

3.2 Skipting birtingafjár 2015 - niðurstöður

3.2.1 Prentmiðlar áfram stærstir á auglýsingamarkaði

Niðurstaða samantektarinnar er sú að prentmiðlar, þ.e. dagblöð og tímarit, hlutu áfram stærstan hluta auglýsingatekna hér á landi árið 2015 eða 32,3%. Þessi tala er hærri eða 34% ef eingöngu er litið til upplýsinga frá birtingahúsum fyrir sama ár. Þetta er örlítið lægra hlutfall en 2014 en þá var hlutur prentmiðla af birtingafé 37,0%. Þrátt fyrir að hlutur prentmiðla hafi

Þrátt fyrir að hlutur prentmiðla hafi minnkað um nokkur prósentustig milli ára eru þeir ennþá sá vettvangur sem birtingahús og auglýsendur nýta hvað mest til að koma auglýsingum sínum og viðskiptavina sinna á framfæri.

Auglýsingar á vefmiðlum 2015

	2015 Birtingahús og fjölmiðlar	2015 Birtingahús	2014 Birtingahús
Vefur, innanlands	83,3%	82,2%	79,6%
Vefur, erlendis	**16,7%**	**17,8%**	**20,6%**

minnkað um nokkur prósentustig milli ára eru þeir ennþá sá vettvangur sem birtingahús og auglýsendur nýta hvað mest til að koma auglýsingum sínum og viðskiptavina sinna á framfæri.

Sjónvarp fylgdi sem fyrr í kjölfar prentmiðla með 30 % hlut af heildarauglýsingafé (28,2% ef eingöngu er litið til birtingahúsa) en var með 29,1% hlut árið 2014. Hlutur sjónvarps minnkaði þannig lítillega ef eingöngu er litið til upplýsinga frá birtingahúsum. Eins og áður segir er stærsti fjölmiðillinn, sem skilaði upplýsingum til fjölmiðlanefndar, á markaði fyrir sjónvarp og hefur það áhrif á niðurstöðurnar í dálkinum Birtingahús og fjölmiðlar.

3.2.2 Vefmiðlar og útvarp bæta við sig

Hlutur útvarps jókst lítillega eða um eitt prósentustig árið 2015 en 16,8% auglýsingafjár árið 2015 runnu til útvarpsmiðla. Árið 2014 fengu útvarpsmiðlar 15,8% auglýsingafjár í sinn skerf.

Innlendir vefmiðlar sóttu einnig í sig veðrið en hlutfall auglýsingafjár sem rann til þeirra hækkaði um þrjú prósentustig, fór úr 12,4% árið 2014 í 15,2% árið 2015 (15% miðað við tölur frá birtingahúsum eingöngu). Þá stóð hlutur erlendra vefmiðla nánast í stað á milli ára, var 3,2% árið 2014 en 3,1% árið 2015 (3,3% ef eingöngu er litið til birtingahúsa).

Skipting birtingafjár á Íslandi árið 2015 var því að mörgu leyti svipuð og árið 2014. Prent- og sjónvarpsmiðlar eru ennþá stærstu miðlarnir á íslenskum auglýsingamarkaði, þrátt fyrir lítilsháttar en merkjanlegan samdrátt. Útvarp gefur hvergi eftir og innlendir vefmiðlar bæta við sig. Vöxtur vefmiðla virðist vera á kostnað prentmiðla en það er að sumu leyti svipuð þróun og sést hefur erlendis. Staða þessara miðla á auglýsingamarkaði er þó engan veginn sú sama og í nágrannaríkjum Íslands, eins og nánar verður fjallað um í kafla 3.3.

Á heildina litið jókst birtingafé birtingahúsanna sem þátt tóku í samantektinni um 4,8% milli ára.

3.2.3 Litlar breytingar innbyrðis hjá innlendum og erlendum vefmiðlum

Ef auglýsingar á netinu eru teknar út fyrir sviga og vefmiðlar skoðaðir sérstaklega sést að hlutfallsleg skipting milli innlendra og erlendra vefmiðla hefur lítið sem ekkert breyst frá fyrra ári. Innlendir vefmiðlar halda sínum hlut gagnvart þeim erlendu og gefa hvergi eftir.





Ef litið er til vefmiðla sést að hlutfallsleg skipting milli innlendra og erlendra vefmiðla hefur lítið sem ekkert breyst frá fyrra ári. Á heildina litið sækja innlendir vefmiðlar í sig veðrið en hlutur þeirra hækkaði um þrjú prósentustig frá fyrra ári.

56% af því fjármagni sem varið var í auglýsingar á netinu í Danmörku 2015 rann til erlendra fyrirtækja, aðallega Google og Facebook. Hér á landi var þessi tala 17,8% hjá birtingahúsunum.

3.3 Samanburður við nágrannaríki

3.3.1 Skipting birtingafjár í Danmörku 2015

Þótt vefmiðlar fari stækkandi á auglýsingamarkaði hér á landi er ljóst að sú þróun er með nokkuð öðrum hætti á Íslandi en í nágrannaríkjum. Ein leið til að setja niðurstöðurnar í alþjóðlegt samhengi er að líta til sambærilegra samantekta í nágrannaríkjum Íslands. Er þá nærtækast að líta til Danmerkur en danska fjölmiðlanefndin, *Slots- og Kulturstyrelsen,* hefur á síðustu árum gefið út ítarlegar og greinargóðar skýrslur um stöðu og þróun á dönskum fjölmiðlamarkaði.

Í *skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2015* kemur fram að innlendir og erlendir vefmiðlar hlutu tæplega helming alls auglýsingafjár í Danmörku árið 2015 eða 46,6%. Jafnframt segir þar að vefmiðlar hafi nánast fjórtánfaldað hlut sinn af heildarauglýsingafé í Danmörku frá árinu 2000. Á sama tímabili hefur hlutur danskra dagblaða minnkað um 72%. Auglýsingum í útvarpi og kvikmyndahúsum hefur fjölgað frá árinu 2000 en hlutur sjónvarps á auglýsingamarkaði hefur dregist saman um 8% á þessu fimmtán ára tímabili. Þá hefur hlutur danskra tímarita minnkað um 58% og landshlutablaða um 43% á sama tímabili.

3.3.2 Tæplega þriðjungur alls auglýsingafjár í Danmörku fór til erlendra miðla 2015

Erlendir miðlar hrepptu tæplega þriðjung eða 26% auglýsingafjár í Danmörku árið 2015 og stækkaði hlutur þeirra um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Til samanburðar fengu erlendir miðlar aðeins 3% af heildarauglýsingafé í sinn skerf árið 2007 í Danmörku.

Hlutur vefmiðla á dönskum auglýsingamarkaði hefur aukist mikið, allt frá árinu 2005, eins og fram kemur í umfjöllun um þann markað *hér*. Þessi þróun hefur bitnað hvað harðast á dönskum prentmiðlum, dagblöðum og tímaritum, á meðan einungis hefur orðið lítilsháttar samdráttur á auglýsingum í sjónvarpi og nokkur aukning á auglýsingum í útvarpi.

Samkvæmt skýrslu dönsku fjölmiðlanefndarinnar urðu ákveðin straumhvörf árið 2013 en þá tóku erlendir vefmiðlar í fyrsta skipti fram úr dönskum vefmiðlum á auglýsingamarkaði og hafa þeir erlendu aukið forskot sitt æ síðan.

Nú er svo komið að árið 2015 rann 56% af því fjármagni sem dönsk fyrirtæki vörðu til auglýsinga á netinu til erlendra vefmiðla. Með öðrum orðum fengu danskir netmiðlar minna en helming (44%) þess fjárs sem varið var í auglýsingar á netinu það ár. Hlutur erlendra miðla af vefauglýsingum í Danmörku hefur vaxið um

fimm prósentustig frá 2013 en var þá 51%. Þar af vega auglýsingar á Google langþyngst eða 81,3%, Facebook kemur næst á eftir með 17,6% og Linkedin með 1%.

Danir hafa nokkrar áhyggjur af þessari þróun, ekki síst af menningarlegum ástæðum, þar sem erlendir vefmiðlar framleiða vitaskuld ekki fjölmiðlaefni á dönsku og leggja þar af leiðandi lítið af mörkum til þess að styrkja menningarlíf og sameiginlega sjálfsvitund þjóðarinnar. Talið er ljóst að stækkandi hlutur erlendra miðla á auglýsingamarkaði eigi eftir að leiða til þess að minna fjármagni verði varið til framleiðslu á dönsku fjölmiðlaefni á ári hverju.

Eins og niðurstöður um skiptingu birtingafjár á Íslandi 2015 gefa til kynna er þó ekkert sem bendir til þess að sambærileg þróun eigi sér stað á íslenskum fjölmiðla- og auglýsingamarkaði um þessar mundir og sú sem blasir við í Danmörku og fleiri nágrannaríkjum Íslands. Staða íslenskra prentmiðla og sjónvarps er augljóslega mun sterkari hér á landi en í þessum ríkjum. Ekki verða þó gerðar tilraunir til að greina ástæður þess hér.

Hlutur erlendra miðla af vefauglýsingum í Danmörku hefur vaxið um fimm prósentustig frá 2013 en var þá 51%.



Staða prentmiðla og sjónvarps á auglýsingamarkaði er mun sterkari hér á landi en í mörgum nágranna-ríkjum Íslands.

4. AÐGERÐIR FJÖLMIÐLA 2015

4.1 Aðgerðir til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna -svör fjölmiðla

Hringbraut
Kynjakvóti í dagskrárgerð og skráning viðmælenda eftir kyni.

N4
Við höfum ekki farið í sérstakar aðgerðir til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna. Við höfum þó tekið stikkprufur á tveimur viðamestu þáttaröðunum hjá okkur árið 2015. Í Föstudagsþáttinn mættu 412 viðmælendur á árinu, af þeim voru 49,5% kvenkyns og 50,5% karlkyns. Í þáttaröðinni Að norðan voru viðmælendur 855 talsins árið 2015 og voru karlar þar 52% viðmæelenda og konur 48%. Tvær konur gegna æðstu stöðum fyrirtækisins þ.e.a.s. framkvæmdastjóri, dagskrárstjóri og framleiðslustjóri fyrirtækisins. Að auki var ritstjóri þáttaraðarinnar Að norðan kona.

Síminn
Allar ráðningar skoðaðar með það sjónarmið á lofti.

Bæjarins besta
Engar sérstakar aðgerðir en er vakandi yfir að gera þetta vel.

Dagskráin og dfs.is
Við leggjum okkur fram um að hafa hlutfall kynjanna sem jafnast í umfjöllun miðlanna.

Siglfirðingur.is
Ég geri ekki upp á milli kynja heldur birti allt það sem við kemur Siglufirði og nær undantekningarlaust bara jákvæðar fréttir, eins og fram kemur í ritstjórnarstefnunni á forsíðu miðilsins.

Norðanátt
Engin fullmótuð aðgerð en það er alltaf haft að leiðarljósi að reyna að endurspegla þjóðfélagið í heild sinni, þeas m.t.t. til kyns og aldurs

Kjarninn
Kjarninn leitaði til um 40 manns til að vinna efni fyrir miðilinn í verktöku áður en starfsemi hans hófst. Rúmlega helmingur þess hóps voru konur. Leitast var við að fá konur til að skrifa um þung fréttaefni, oft af

alþjóðavettvangi. Auk þess leitaði ritstjórn Kjarnans við að gefa konum með sérþekkingu eða brennandi áhuga á ýmis konar málefnum tækifæri til að skrifa um þau á almennum vettvangi. Þá hefur miðillinn meðvitað tekið mörg viðtöl við konur sem gegna stjórnendastöðum eða vinna í störfum sem teljast ekki til hefðbundinna kvennastarfa samkvæmt staðalímyndum. Auk þess hefur Kjarninn árlega unnið umfangsmikla rannsókn á stöðu kvenna meðal stjórnenda í íslensku fjármálalífi og birt ítarlegar fréttaskýringar um niðurstöður þeirra.

4.2 Birtingarmyndir kynjanna, þ.m.t. hlutfall karla og kvenna í hópi viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni -svör fjölmiðla

Bæjarins besta

Held bókhald yfir viðmælendur í opnuviðtölum og leitast við að skipta jafnt eftir kynjum.

Fótbolti.net

Höfum aukið verulega umfjöllun um fótbolta kvenna.

Hringbraut

Jöfn birtingarmynd.

Siglfirðingur.is

Ég geri ekki upp á milli kynja heldur birti allt það sem við kemur Siglufirði og nær undantekningarlaust bara jákvæðar fréttir, eins og fram kemur í ritstjórnarstefnunni á forsíðu miðilsins.

Norðanátt

Ekki hefur verið tekið saman hvert hlutfallið er en þegar litið er yfir þau örfáu viðtöl sem tekin voru á árinu 2015 þá sést að það er nokkuð jafnt á milli kynja. Hér er vert að taka fram að umsjón miðilsins er í höndum eins aðila, sem sér um allt honum viðkomandi í frítíma sínum.

Kjarninn

Við höfum engin tök á að meta þetta hlutfall. Kjarninn birtir um 120 efnisþætti í viku og ógjörningur er fyrir okkur að fara í gegnum þá alla til að reikna út þetta hlutfall viðmælenda. Hlutfall fastra pistla höfunda hjá Kjarnanum er þannig að fleiri konur eru í þeim hópi en karlar.

Á meðal þeirra sem vinna efni í verktöku fyrir Kjarnann eru margar konur. Af tveimur stjórnendum á ritstjórn Kjarnans er einn karl og ein kona. Í stjórn Kjarnans eru kynjahlutföll jöfn.

4.3 Aðgerðir til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni (á eingöngu við um fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni) -svör fjölmiðla

Fótbolti.net

Tæknilegum atriðum var breytt til að auðvelda sjónskertum að stækka vefinn og letur að vild.

Síminn

Alla helstu innlendu þætti Símans hefur verið hægt að nálgast í Skjárfrelsi með íslenskum texta með hagsmuni heyrnarskertra að leiðarljósi, frá og með hausti 2012.

Kjarninn

Kjarninn hefur átt í samskiptum við Blindrafélagið um að gera efni miðilsins aðgengilegt fyrir skjólstæðinga þess. Þau samskipti eru virk þótt þau hafi ekki skilað niðurstöðu.

4.4 Aðgerðir til að efla kynningu og framboð á evrópsku myndefni -svör fjölmiðla

N4

Allt efni stöðvarinnar er íslenskt.

Síminn:

Ávallt farið í sérstakar kynningarherferðir þegar kom að sýningum á innlendu efni.

Kjarninn

Kjarninn sinnir erlendri umfjöllun af mikilli kostgæfni. Í hverri viku birtast einnig fjölmargar fréttaskýringar sem skrifaðar eru af sérfræðingum víðsvegar að úr heiminum, að mestu frá Evrópu. Þeim fréttaskýringum fylgja myndir og stór hluti myndanna er evrópskur. Auk þess sinnir Kjarninn umfjöllun um menningartengd málefni af krafti og þar er umfjöllunarefnið oftar en ekki evrópskt. Í þessum umfjöllunum eru myndir, myndbönd og hljóðbrot, allt eftir því sem við á.

CALVI
SIGURBOGINN
STEAK DINNER

5. SKRÁÐIR FJÖLMIÐLAR Í ÁRSLOK 2015

5.1 Leyfishafar (hljóð- og myndmiðlar) með almennt leyfi

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils	Leyfi gildir til:
365 miðlar hf.	Stöð 2	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport 2	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport 3	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport 4	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport 5	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 2 sport 6	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Bíóstöðin	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Golfstöðin	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Gullstöðin	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Krakkastöðin	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Stöð 3	Myndmiðill	30. apríl 2021
	PoppTV X-977	Myndmiðill	30. apríl 2021
	Bylgjan	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
	Gullbylgjan	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
	Létt 96,7	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
	FM 95,7	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
	FMX Klassík	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
Skjárinn ehf.	Skjárinn	Myndmiðill	30. apríl 2021

	Skjár Sport	Myndmiðill	30. apríl 2021
	K-100,5	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
	Retró	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
Alþingi	Alþingisrásin	Myndmiðill	30. apríl 2016
N4 ehf.	N4	Myndmiðill	30. apríl 2021
ÍNN-Íslands nýjasta nýtt ehf.	ÍNN	Myndmiðill	30. apríl 2015
Kristniboðakirkjan Omega	Omega	Myndmiðill	30. apríl 2019
247 miðlar ehf.	Flashback	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
	FM Xtra	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
	Gullið	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
	Kiss FM	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils	Leyfi gildir til:
Akraneskaupstaður	Útvarp Akranes	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
Boðunarkirkjan	Útvarp Boðun FM 105,5	Hljóðmiðill	30. apríl 2015
Bjarni Jónasson	Úvaff	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
Hans K. Kristjánsson	Útvarp Ás	Hljóðmiðill	30. apríl 2017
Hátíðni hf.	SkjáVarp	Myndmiðill	1. des. 2017
Hljóðsmárinn ehf.	Trölli FM	Hljóðmiðill	30. apríl 2015
Léttur ehf.	Suðurland FM	Hljóðmiðill	30. apríl 2016
Lindin fjölmiðlun	Lindin útvarp	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
Monas ehf.	Hljóðbylgjan	Hljóðmiðill	5. sept. 2016
Saganet ehf.	Útvarp Saga	Hljóðmiðill	30. apríl 2021
Verkmenntaskólinnw á Akureyri	Útvarp VMA	Hljóðmiðill	4. sept. 2016
Ríkisútvarpið ohf.	RÚV	Myndmiðill	*
	RÚV2 (RÚV Íþróttir)	Myndmiðill	
	Rás 1	Hljóðmiðill	
	Rás 2	Hljóðmiðill	
	Rondó	Hljóðmiðill	

*Ríkisútvarpið ohf. starfar skv. lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013 og hefur leyfi skv. þeim lögum.

5.2 Skráðir fjölmiðlar aðrir en leyfisskyldir miðlar

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
247 miðlar ehf.	Dagurinn.is	Vefmiðill
365 miðlar hf.	80's Bylgjan	Vefútvarp
	Apparatið	Vefútvarp
	FM Extra	Vefútvarp
	Fréttablaðið	Prentmiðill
	Vísir.is	Vefmiðill
Alvarpið	Alvarp.is	Hlaðvarp
Austurfrétt ehf.	Austurfrett.is	Vefmiðill
Árvakur ehf.	Morgunblaðið	Prentmiðill
	Mbl.is	Vefmiðill
Ásgrímur Sverrisson	Klapptré	
Vefmiðill		
	Iceland Cinema Now	Vefmiðill
Birtíngur útgáfufélag ehf.	Gestgjafinn	Prentmiðill
	Heilsan	Prentmiðill
	Hús og híbýli	Prentmiðill
	Júlía	Prentmiðill
	Mannlíf	Prentmiðill
	Nýtt líf	Prentmiðill
	Sagan öll	Prentmiðill
	Séð og heyrt	Prentmiðill
	Vikan	Prentmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
Blær	Blær	Vefmiðill
Borgarblöð ehf.	Vesturbæjarblaðið	Prentmiðill
	Breiðholtsblaðið	Prentmiðill
	Nesfréttir	Prentmiðill
Bændablaðið	Bændablaðið	Prentmiðill
	Bbl.is	Vefmiðill
Confirmed News ehf.	Spyr.is	Vefmiðill
DV ehf.	DV	Prentmiðill
	Dv.is	Vefmiðill
Eiríkur Jónsson ehf.	Eirikurjonsson.is	Vefmiðill
Elísa Guðrún ehf.	Lifandi vísindi	Prentmiðill
	Visindi.is	Vefmiðill
ET miðlar ehf.	Eyjar.net	Vefmiðill
EVRÓPAN Miðlar ehf.	Evrópan	Vefmiðill
Eyjan miðlar ehf.	Eyjan.is	Vefmiðill
Eyjasýn ehf.	Fréttir	
	Eyjafrettir.is	Vefmiðill
Fálki útgáfa ehf.	Nútíminn	Vefmiðill
Félagasamtökin Víðsýni	Visionmedia.is	Vefmiðill
Fjarskipti hf.	Leigan	Myndmiðlun eftir
pöntun		
Fótbolti ehf.	Fotbolti.net	Vefmiðill
Fótspor ehf.	Akureyri vikublað	Prentmiðill
	Aldan	Prentmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
	Austurland	Prentmiðill
	Selfoss	Prentmiðill
	Vesturland	Prentmiðill
	Vestfirðir	Prentmiðill
	Reykjanes	Prentmiðill
	Reykjavík vikublað	Prentmiðill
	Kópavogur	Prentmiðill
	Hafnarfjörður	Prentmiðill
	Tímaritið Birta	Prentmiðill
Fröken ehf.	Reykjavík Grapevine	Prentmiðill
	Grapevine.is	Vefmiðill
Goggur ehf.	Útvegsblaðið	Prentmiðill
	Utvegsbladid.is	Vefmiðill
	Iðnaðarblaðið	Prentmiðill
	Idnadarbladid.is	Vefmiðill
Gospel Channel Evrópa ehf.		
Gospel Ch. Scandinavia	Myndmiðill	
	Gospel Channel UK	Myndmiðill
Gúttó ehf.	Bæjarins besta	Prentmiðill
	Bb.is	Vefmiðill
Hansen og synir ehf.	Svipan.is	Vefmiðill
	Listaposturinn.is	Vefmiðill
iMag ehf.	Iceland Magazine	Prentmiðill
	Icelandmag.com	Vefmiðill
iSport ehf.	Heilsutorg.is	Vefmiðill
	Heilsuvisir.is	Vefmiðill
Í boði náttúrunnar	Í boði náttúrunnar	Prentmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
	Ibn.is	Vefmiðill
Jón Guðbjörn Guðbjörnsson	Litlihjalli.is	Vefmiðill
Keilir útgáfufélag ehf.	Fjarðarpósturinn	Prentmiðill
Kjarninn miðlar ehf.	Kjarninn	Vefmiðill
Konunglega kvikmyndafélagið	Bravó	Myndmiðill
Kópavogspósturinn ehf.	Kópavogspósturinn	Prentmiðill
Kristján Örn Elíasson	Austurlandid.is	Vefmiðill
	Nordurlandid.is	Vefmiðill
Krosseyri ehf.	Midjan.is	Vefmiðill
Kver ehf.	Timarim.is	Vefmiðill
Lifðu núna ehf.	Lifðu núna	Vefmiðill
Manova ehf.	Fréttanetið	Vefmiðill
Mantra ehf.	MAN	Prentmiðill
Moon ehf.	Filma.is	Vefmiðill
Morgundagur ehf.	Fréttatíminn	Prentmiðill
	Frettatiminn.is	Vefmiðill
Mosfellingur ehf.	Mosfellingur	Prentmiðill
Myllusetur ehf.	Viðskiptablaðið	Prentmiðill
	Vb.is	Vefmiðill
	Fiskifréttir	Prentmiðill
	Fiskifrettir.is	Vefmiðill
	Hestablaðið	Prentmiðill
	Hestabladid.is	Vefmiðill
Náttúran er ehf.	Natturan.is	Vefmiðill
Norðanátt sf.	Nordanatt.is	Vefmiðill
Nýprent ehf.	Feykir	Prentmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
	Feykir.is	Vefmiðill
Nýtt land ehf.	Tímaritið Herðubreið	Vefmiðill
Okkar allra ehf.	Spegill.is	Vefmiðill
Olgeir Helgi Ragnarsson	Íbúinn	Prentmiðill
Origami ehf.	NUDE magazine	Vefmiðill
Pedromyndir ehf.	Akureyri.net	Vefmiðill
Poppeople ehf.	Kvennablaðið	Vefmiðill
Prentmet ehf.	Dagskráin	Prentmiðiill
	Dfs.is	Vefmiðill
	Fréttablað Suðurlands	Prentmiðill
Ragnar Z. Guðjónsson	Húnahornið, Huni.is	Vefmiðill
		Vefmiðill
Rauðir pennar ehf.	Skutull.is	Vefmiðill
Ritsýn sf.	Kvótinn.is	Vefmiðill
RS útgáfan sf.	Bæjarlíf	Prentmiðill
Ríkisútvarpið ohf.	Ruv.is	Vefmiðill
Sigurður Ægisson	Siglfirdingur.is	Vefmiðill
Skarpur útgáfufélag	Skarpur	Prentmiðill
	Skarpur.is	Vefmiðill
Skjárinn pöntun	SkjárBíó	Myndmiðlun eftir
Skessuhorn ehf.	Skessuhorn	Prentmiðill
	Skessuhorn.is	Vefmiðill
Skrautás	Grafarvogsblaðið	Vefmiðill
	Árbæjarblaðið	Vefmiðill
SportTV ehf.	Sporttv.is	Vefmiðill
Steinprent ehf.	Bæjarblaðið Jökull	Prentmiðill
Sunnlenska fréttaveitan ehf.	Sunnlenska fréttablaðið	Prentmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
Sögusmiðjan	Strandir.is	Vefmiðill
Tunnan prentþjónusta ehf.	DB blaðið	Prentmiðill
	Dbl.is	Vefmiðill
	Tunnan	Prentmiðill
	Tunnan.is	Vefmiðill
	Hellan	Prentmiðill
Tvær stjörnur ehf.	Sunnlenska.is	Vefmiðill
Ugginn miðlun ehf.	Skástrik	Vefmiðill
Útgáfufélagið ehf.	Vikudagur	Prentmiðill
Útgáfufélagið Heimur ehf.	Vísbending	Prentmiðill
	Frjáls verslun	Prentmiðill
	Á ferð um Ísland	Prenmiðill
	Áning	Prentmiðill
	Iceland Review	Prentmiðill
	Ský	Prentmiðill
	What's on	Prentmiðill
	Iceland Trade Directory	Prentmiðill
	Issues and Images of Iceland	Prentmiðill
	Heimur.is	Vefmiðill
	Icelandreview.com	Vefmiðill
	Whatson.is	Vefmiðill
	Icelandtradedirectory.com	Vefmiðill
Útgáfufélagið Sjarminn	Sjarminn.is	Vefmiðill
Útvarp Saga ehf.	Utvarpsaga.is	Vefmiðill
Valdimar Tryggvi Kristófersson	Garðapósturinn	Prentmiðill
Vefpressan ehf.	Pressan.is	Vefmiðill
	Bleikt.is	Vefmiðill
Vesturtindar ehf.	Vikari.is	Vefmiðill

Fjölmiðlaveita	Fjölmiðill	Tegund fjölmiðils
Vikudagskráin ehf.	Vikudagskráin	Prentmiðill
Víkurfréttir ehf.	Víkurfréttir	Prentmiðill
	Vf.is	Vefmiðill
Þúfa ehf.	Hun.is	Vefmiðill

Hönnun: Ómar Örn Sigurðsson
Ljósmyndir: Gunnar Reyr Sigurðsson